



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

## **Skólanámskrá SÍJ**

### **Heimilisfræði – 2. bekkur**

Nemendur eru í heimilisfræði tvær kennslustundir aðra hverja viku. Stuðst er við kennslubókina Heimilisfræði 2 og unnar uppskriftir úr henni. Nemendur fá m.a. að kynna ger- og kökubakstri og læra hvernig og hvaða áhöld á að nota við baksturinn.

Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og því tölum við m.a. um muninn á hollum og óhollum mat og mikilvægi hreinlætis.

#### **Matsviðmið**

Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.

Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Matur og vinnubrögð

Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.

Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Matur og umhverfi

Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Virkni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

#### **Námsmat**

Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og þau verkefni sem nemendur hafa unnið við. Námsmat er sýnilegt á Mentor.

Að auki fá nemendur endurgjöf eftir hvern tíma A, B+, B eða C.

Yfirfarið september 2024